




Fréttabréf

Íslenska bútaásumsfélagið

Útgefandi Íslenska bútaásumsfélagið, Austurbrún 21, 104 Reykjavík
1. tbl. 15. árgangur 2015



PFAFF

Virkjaðu sköpunargleðina


Husqvarna Topaz 50 frábær saumavél fyrir bútaum og útsaum

PFAFF 85 ÁRA



Efnisyfirlit

Aðalfundur	3
Frá ritstjóra	3
Námskeið á aðalfundi	4
Oft veltir lítil þúfa þungu hlasi	5
Bútasaurur – saumað úr skyrtum	6
Gú-gú gengið	8
Bjálkakofi	10
Mæðgurnar Ágústa Markúsdóttir og Hrönn Guðjónsdóttir	12
Saumasysturnar	14
Þarf bútasaumsfólk kannski að nota fingurbjargir?	16
Gæðaefnið bómull	20
Jólasýning myndir	22



Forsíðumyndin: Teppið er saumað af Jóhönnu Eiríksdóttur. Mynstrið nefnist LABYRINTH WALK og er eftir Christopher Florence sem býr í Portland Oregon USA. Hann fékk hugmyndina af marmaragólfi í Sansevero kapellunni í Napoli á Ítalíu. Stærð teppisins er 48" x 48". Halldóra Þormóðsdóttir stakk teppið. Sveinn Þorsteinsson tók myndina.

Útgefandi: Íslenska bútasaumsfélagið

Ábyrgðarmaður: Lovísa Jónsdóttir

Ritnefnd: Margrét Óskarsdóttir
margretoskars@simnet.is

Heimilisfang: Austurbrún 21, 104 Reykjavík

Sími: 553 6401

Heimasíða: www.butasaurur.is

Netfang: fingurbjorg@gmail.com

Umbrot og prentun: Leturprent

Frá ritstjóra

Nýtt ár er gengið í garð og daginn er farið að lengja. Veturinn er langur hér á landi og veður oft válynd en þegar sólin brýst fram og úti er allt hvítt af snjó er fallett á Íslandi. Listamenn tala oft um að náttúran sé þeim uppspretta hugmynda og án efa ýtir hún undir hugmyndaflugnið hjá bútasaumsfólki. Það má sjá í mörgum bútasaumsverkum og er bjálkakofamynstrið gott dæmi um það. Eitt slíkt er í blaðinu.

Í blaðinu kennir ýmissa grasa og vil ég nefna grein sem Berglind Snæland skrifar um áhuga dætra sinna á bútasaurum og er gaman að sjá hvað þær eru áhugasamar. Nokkrar konur lögðust í langferð til Ameríku sl. haust og er ferðasagan í blaðinu. Viðtal við mæðgurnar Ágústu og Hrönn ásamt fréttum af Gú gú genginu er meðal efnis. Einnig er grein um bómull og ræktun hennar. Í henni er stiklað á stóru um uppruna jurtarinnar, ræktunina og fleira.

Ég hvet félagsmenn til þess að hafa samband við ritstjórn og láta vita um áhugavert efni í blaðið. Það er ekki nokkur vafi að þarna úti er verið að gera áhugaverða hluti sem gaman væri að heyra frá.

Margrét Óskarsdóttir

Aðalfundur

Aðalfundur Íslenska bútasaumsfélagsins verður haldinn laugardaginn 21. mars kl. 10:00 í safnaðarheimili Grensáskirkju.

Dagskrá aðalfundar er:

1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um störf á liðnu ári
3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Tillaga um árgjald
5. Skýrslur nefnda
6. Lagabreytingar, enda hafi þær borist stjórn fyrir boðun aðalfundar
7. Kosning formanns
8. Kosning meðstjórnanda
9. Kosning varamanna
10. Kosning tveggja skoðunarmanna
11. Kosning í nefndir
12. Önnur mál
13. Aðalfundi slitið

Ferðatöskusala.

Námskeið hefst. Sjá nánar um námskeið.

Matarhlé.

Matarmikil rjómalöguð kjúklingasúpa með heimabökuðu brauði og hummus. kr. 1.500,-. Námskeið heldur áfram.

Námskeið á aðalfundi

Á aðalfundinum verður boðið upp á námskeið í bútasauami. Kennari er Jóhanna Bj. Aðalsteinsdóttir frá Ísafirði. Hún verður með tvö verkefni og eitt óvissuverkefni sem við fáum með okkur heim ef ekki næst að klára það.

Það þarf að skrá sig á námskeiðið til að hægt verði að útvega næg skapalón sem verkefniin útheimta. Nauðsynlegt að koma með saumavélar.

Skráningargjald verður kr. 2.000,-.

Þátttaka tilkynnist til Margrétar Björnsdóttur margrethbj@simnet.is sími 664 8481.

Verkefni A:

Efnisþörf:

1 bútur 4 ½" x 6" af hverjum lit: Gulur, rauður, grænn, blár, svartur, hvítur, fjólublár og brúnn. Efnin mega vera mynstruð. Samtals 8 bútar í allt. Svo þarf tvinna í hverjum lit. 1 bútur 10 ½" x 21" eða 2 bútar 10 ½" x 10 ½" af mjög ljósu eða hvítu efni. 1 bútur 11" x 11" af fallegu efni sem gengur með öllum hinum. T.d. fallegt blómaefni.

70 – 80 gr. tróð. Ath. Það á eftir að sníða úr þessu öllu. 1 metri reim eða grannur bordi. 2 tölur.

Verkefni B:

Efnisþörf:

Það sem þarf í verkefnið eru tvö efni 12½" x 12½" í mismunandi litum, bæði efnin sjást mjög vel. Þunnt vatt í sömu stærð og þrjár tölur, hnappa eða perlur til skrauts og tvinna sem passar við efnin.

Óvissuverkefni:

Efnisþörf:

1 stk. ca. 10" x 11" aðalefni, má vera stórmunstrað.

1 stk. ca. 10" x 11" einlitt eða smámunstrað (sést).

1 stk. u.þ.b. 19" x 9½" eða 2 stk. 9½" x 9" strauflíselín (H-200, flíselín með lími öðru megin). Tvinna sem passar við, 1 smella u.þ.b. 1 cm í þvermál og ein tala upp á punt.

Skapalón (verður afhent).

Frozen efnin eru komin!!

Gullfalleg Frozen efni, tilvalin í barnaherbergin. Einnig flott Frozen flísefni.

Fengum einnig fullt af öðrum fallegum barnaefnum og batik.

Í apríl munum við svo byrja að skrá á helgarnámskeiðið á Örkinni sem verður 25-27/9.

Allt í bútasauminn á einum stað.



VIRKA

Opið virka daga frá 10-18
og laugardaga frá 11-15

Mörkin 3, sími 5687477

www.virka.is

Fylgist með okkur á
 Facebook
facebook.com/virkaiceland

Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi

Það er ekkert voðalega langt síðan Arnþrúður Björnsdóttir byrjaði á bútasaum. Áhuginn kviknaði reyndar fyrir mörgum árum, en þetta var frekar fjarlægur draumur sem best væri geymdur til elliáranna þegar nægur tími gæfist til sauma.

Á bútasaumssýningunni sem haldin var í Perlunni fyrir tveimur árum keypti hún svo miða á tombólu og vann nokkra búta. Þetta varð síðan til þess að byrjað var að sauma lítinn búta dúk í september 2014. Það má því segja að þessir bútar hafi ýtt henni af stað. Á meðfylgjandi mynd má sjá afraksturinn ef þeirri vinnu.

Brynja Eggertsdóttir, samstarfskona Arnþrúðar dró svo hana með sér þegar hópur bútasaumskvenna ákvað s.l. haust að sauma saman teppi sem samsett er úr mörgum blokkum. Þetta teppi kannast margar við en Vinabandið saumaði svona teppi og hefur verið sagt frá því hér í blaðinu.

Arnþrúði finnst bútasaumurinn mjög skemmtilegur og ég get staðfest það að handbragðið hjá henni er hreinsta afbragð og alls ekki að sjá að hún sé nýbyrjuð í faginu.

Margrét Óskarsdóttir



Myndatexti.



Myndatexti.



Myndatexti.



Myndatexti.

Bútasaumur – saumað úr skyrtum

Fyrir nokkrum árum þegar ég ákvað að sauma rúmteppi handa syni mínum fékk ég þá hugmynd að sauma úr skyrtum. Það var nokkuð ljóst að ég þyrfti meira efni en ég hefði á mínu heimili og lét ég því boð út ganga meðal nokkurra vinkvenna og fjölskyldunnar að skyrtum sem til stæði að leggja til hliðar mætti gjarnan koma til mín.

Til að byrja með valdi strákur úr skyrtum þeirra feðga, þær sem honum þótti annaðhvort fallegar á litinn eða tengdar einhverjum minningum. „Þessi og þessi verða allavega að vera í teppinu,“ sagði hann þegar ég var að byrja að velja. Vegna uppruna efnisins fannst mér vináttufléttan vera munstur við hæfi og skar niður búтана eftir kúnstarinnar reglum. Einlita efnið var keypt sérstaklega.

Því er ekki að neita að þegar ég byrjaði að safna þessum skyrtum þá



Dúkur.

barst mér svo miklu meira en mig hafði órað fyrir. Því hef ég haldið áfram að leika mér því að ég tími hreinlega ekki að farga þessu góða efni. Meðal þeirra verkefna sem út úr þessu hefur komið eru dúkar á útiborð sem ég gaf í jólagjafir og taska sem ég gerði handa vinkonu minni undir þrjónadótið hennar. Núna hika ég ekki við að nota skyrtur líka í bakið. Þá er alveg upplagt að nota skyrtur sem eru kannski í minna spennandi litum en þær sem eru í munstrinu sjálfu.

Í töskunni hennar vinkonu minnar er ekkert nema endurnýtt efni. Einlita efnið, dökkbláa, er vinnuskyrta af mannum mínum. Vattið er líka afskurður af öðru sem ég hafði geymt. Það vill svo skemmtilega til að vinkonan þekkir uppruna allra bútananna.

Herraskyrtur eru gjarnan úr ágætisefnum, bómull og polyester, sem lítið slitna. Þær eru oft afskaplega fallega ofnar og í fallegum litum. Köflóttar skyrtur eða röndóttar eru ofnar þannig en ekki áprentaðar. Þess vegna er auðveldara að stemma saman línur í myndri. Þegar skyrturnar slitna er það helst að ermalíningar og krugi fari að láta á sjá og slíkt sker ég bara af. Svo þarf ekki að óttast að



Teppið hans Halla.



Dúkur.

efnið hlaupi í þvotti því skyrturnar eru margþvegnar þegar þær eru komnar á þetta stig. Þegar saumað er upp úr flíkum verður sniðningin svolítið öðruvísi en þegar sniðið er beint úr keyptu efni, það segir sig sjálft. Þegar við kaupum okkur efni af stranga er þægilegt að geta skorið þvert yfir allt þannig að við fáum nokkuð langan renning og við skerum iðulega efnið margfalt. Það þarf hins vegar nánast að skera hvern bút fyrir sig þegar saumað er úr flíkum. Efni úr flíkum hafa líka einhvern karakter sem ekki er í nýjum efnunum.

TASKAN:

Saumavinkonur mínar í Vinabandinu hafa saumað nokkrar svona töskur í ýmsum útgáfum en við köllum hana Washingtontöskuna þar sem við sáum hana fyrst í notkun í Washington hjá einni kunningjakonu okkar sem hafði þá nýverið saumað sér hana.

Bútarnir eru skornir 3,5" x 3,5". Ræmurnar á milli eru 1,5" breiðar. Síðan ræður hver og einn hvað hann vill hafa sína tösku stóra, þ.e. hversu marga ferninga á að nota. Ytra byrði töskunnar er saumað í einu lagi. Ég hafði tvöfalda breidd á ræmunni sem myndar botninn. Þá er allt straujað, lagt ofan á vattið og síðan ofan á innra byrðið eða fóðrið. Svo er stungið í gegnum allt áður en

hliðarsaumar töskunnar eru saumaðar saman. Þar sem ég notaði skyrtur í fóðrið og vildi láta skyrtuvasa vera innan í töskunni stakk ég fóðrið ekki. Fóðrið var hins vegar saumað með hliðarsaumunum og saumurinn síðan bryddaður með efni úr sömu skyrtu og fóðrið.

Enn á ég nokkra kassa af skyrtum sem bíða þess að fá ný hlutverk og sem betur fer er hugurinn fullur af hugmyndum.

Guðrún Ásbjörnsdóttir



Útlit tösku.



Séð ofaní tösku.



Ofan í tösku með bandi.

Gú-gú gengið



Frá vinstri: Sigríður Þyri, Fanney, Kristín Lára, Valdís, Helga, Kristín, Þorbjörg, Sírjý. Fyrir framan: Svala og Guðbjörg Helga. Á myndina vantar Elínborgu og Margræti sem tók myndina.

Nafnið segir næstum því allt um okkur, við erum allar svolítið gú-gú. Í hópnum eru Fanney Stefánsdóttir, Valdís Jónsdóttir, Guðbjörg Helga Sigurðardóttir, Elínborg Dagmar Lárusdóttir, Sigríður Poulsen, Svala Stefánsdóttir, Kristín Lára Magnúsdóttir,

Sigríður Þyri Friðgeirsdóttir, Kristín Sigurrós Jónsdóttir, Helga Jóhannsdóttir, Þorbjörg Grímsdóttir og undirrituð.

Það var í lok námskeiðs sem versluninni Bót á Selfossi hélt á Hótel Hlíð haustið 2008, að Fanney stakk upp á að við sem ekki værum í neinum búta-

saumsklúbbi myndum sameinast og stofna einn slíkan. Við hinar tókum vel í það og til varð Gú gú gengið sem taldi 10 konur á þeim tíma.

Hópurinn hittist einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina og þá er mikið saumað. Í desember höfum við jólafund



Fermingargjöfin, Kristín Lára.



Verk í vinnslu hjá Guðbjörgu og Fanney.



Þetta húsateppi er saumað af Valdísi.

Þar sem við komum með ýmislegt góðgæti með okkur og skiptumst á jólagjöfum. Það er alltaf jafn spennandi að vita hvað er í pakkanum. Fanney stjórnar úthlutun á pökkum og les jólasögu. Í maí er síðasti hittingur vetrarins og þá höldum við upp á það með því að borða saman, ýmist förum við út að borða eða komum með eitthvað sjálfar.

Síðasta vor lukum við starfsárinu með galakvöldi sem haldið var heima hjá Kristínu Láru Magnúsdóttur. Við klæddum okkur í okkar fínasta skart, borðuðum góðan mat og sungum og trölluðum fram eftir nóttu auk þess sem við dönsuðum úti á palli í fallettri vornóttinni.



Við borðið.

Hópurinn hefur unnið eitt verk saman. Það var hetjuteppi og var það mjög skemmtilegt verkefni. Við hittumst í sumarbústaðnum hennar Krist-

ínar Láru og saumuðum myndirnar, en teppið var með myndum af köttum í allskonar útgáfum.

Núna hittist hópurinn í Gullsmára, í aðstöðu sem eldri borgarar eru með.



Fanney og Guðbjörg taka sig vel út með hattana.



Þetta húsateppi er saumað af Sigríði Þyrí.



Húsfreyjan hellir í glösin hjá Obbu, Valdísi og Stínu.

Bjálkakofi

Við höldum áfram með bjálkakofamynstrin, enda er það þemað hjá okkur á þessum saumavetri. Þessi blokk er saumuð með pappírssaum og er skemmtilega skökk og því ekki þessi hefðbundna bjálkakofablokk.. Það má ímynda sér að þetta sé gamalt hús sem man tímana tvenna. Um að gera að láta hugmyndaflugnið njóta sín í efnisvali. Það má nota þessa

blokk í teppi, púða, bollamottu, sem mynd og hvaðeina annað sem ykkur dettur í hug.


Stærð blokkarinnar á myndinni er 8" x 8" en ég stækkaði aðeina ysta rammann. Munstrið sjálft er 7" x 7".

Margrét Óskarsdóttir



Vorferð

Farið verður í dagsferð laugardaginn 25. apríl. Lagt af stað klukkan 09:00 frá Grensáskirkju. Heimkoma áætluð klukkan 17:00. Ferðatilhögun og áfangastaður er ekki ákveðinn. Verð: kr. 6.000, innifalið er hádegisverður. Þátttaka tilkynnist til Olgu Magnúsdóttur os3@simnet.is fyrir 26. mars. Fyrstur kemur fyrstur fær. Síðast komust ekki allir með.



Hlutavelta

Á sýningu Íslenska Bútaumsfélagsins í Perlunni 9. – 17. maí n.k. verður hlutavelta til að fjármagna sýninguna og eru félagsmenn beðnir að senda / koma einum eða fleiri vinningum til Brynju Eggertsdóttur, Dalhúsum 79, 112 Reykjavík fyrir sýningu.

Sýninganefnd

Nýtni er dyggð

Það kannast allir við afklippurnar sem koma þegar verið er að skera og við hendum gjarnan í ruslið. Nú er lag að hætta því, safna þeim saman í poka og koma honum í endurvinnslu til Rauða krossins. Þar á bæ eru þessar gersemar vel þegnar og endurunnar.

Ritnefndin

Mæðgurnar Ágústa Markúsdóttir og Hrönn Guðjónsdóttir



Applikering.



Hrönn og Ágústa.

„Ertu ekki að koma“ spurði Hrönn móður sína á 75 ára afmælisdaginn hennar. „Koma hvert?“ spurði móðirin. „Nú á sýninguna með verkunum þínum“ svaraði Hrönn. Ágústa átti 75 ára afmæli þennan dag og börnin hennar höfðu skipulagt sýningu á verkum hennar sem hún hafði unnið í gegnum tíðina. Ágústa hafði ekki hugmynd um þetta og var ekki búin að sjá fréttina um þessa sýningu í blöðunum.

Ágúst og Hrönn dóttir hennar eru miklar hannyrðakonur og þá sérstaklega Ágústa án þess að nokkuð sé hallað á Hrönn. Það var því tilvalið að hitta þessar ágætu konur og skoða verkin þeirra. Ritnefndin bankaði upp á heima

hjá Ágústu og þar var Hrönn einnig stödd. Þær mæðgur ætluðu að sauma saman þennan dag.


Það er ljóst um leið og komið er inn hjá Ágústu að þar býr kona sem hefur gaman af handavinnu og þá ekki bara bútasam. Hún og maðurinn hennar heitinn, Guðjón Ásberg Jónsson, gerðu mikið af því að búa til svokallaðar sveitavörur, þ.e. hillur, dúkkur, skápa og hvað eina sem þeim datt í hug. Þetta gerðu þau í



Í saumaherberginu.

nokkur ár og má sjá nokkur þeirra verka heima hjá Ágústu.

Ágústa hefur verið með Guðfinnu



Myndaalbúmið.



Frúin að applikera.



Rúmteppið.



Húsa og log cabin teppi.

Helgadóttur í Virku í saumaklúbb alveg frá því að Virka var opnuð. Einnig er hún í Sólvallarklúbbnum. Frá því hún byrjaði í bútasaum hafa yfir 140 stór teppi litið dagsins ljós fyrir utan önnur minni verk.

Skemmtilegast finnst henni að applikera og gerir mikið af því eins og sjá má í flestum verkum hennar. Þær mæðgur fara mikið saman á saumahelgar og hafa til dæmis farið á allar saumahelgar með Virku og finnst það mjög skemmtilegt. Auk þess hafa þær farið norður á saumahelgar Quiltbúðarinnar að Löngumýri og á fleiri staði þar sem konur hittast og

sauma saman um helgar, auk margra námskeiða.

Þær sögðu m.a. frá skemmtilegri saumaferð sem þær fóru í til Ameríku en sú ferð var skipulögð af amerískri ferðaskrifstofu. Þær hafa líka skoðað sig víða um í Bandaríkjunum þegar þær hafa verið þar á ferðinni og það eru ófáar verslanirnar sem þær hafa heimsótt og keypt eina og eina pjötlu til þess að taka með heim.

Við spurðum Hrönn hvort hún væri eins afkastamikil og móðir hennar og kvað hún svo ekki vera. Skemmtilegast

finnst henni að sauma dúka og kúruleppi. Hrönn sýndi okkur verk

sem hún byrjaði á s.l. haust á námskeiði hjá Virku og ekki var handbragðið slæmt á því verki. Ágústa tjáði okkur að handverkið hefði erfst til barnanna hennar og var ekki annað að sjá en að henni þætti vænt um það.

Þær mæðgur keyptu sér Grand Quilter stunguvél og eftir það stingur Ágústa sjálf, en lætur þræða fyrir sig teppin.

„Það heldur í mér lífinu að geta saumað“ sagði Ágústa við okkur. Með það kvöddum við og héldum heim á leið og dásömuðum verkin hennar. Við látum myndirnar tala sínu málið.

Margrét Óskarsdóttir
Ragnheiður Björnsdóttir



Hrönn og löber í vinnslu.



Ágústa og fallett teppi.

Saumasysturnar



Hér er Andrea að sauma sér nálapúða með paper-piecing aðferðinni.

Það er föstudagskvöld, besti tími vikunnar. Kvöldmatur er afgreiddur og stefnan er tekin með dætrunum inn í saumaherbergi. Þar ætlum við að hafa það kósí, sauma kúruteppi, bangsateppi og nálapúða, spjalla um heima og geima og reita af okkur brandara, sem sagt alvöru saumapartý.

Andrea er á þrettánda ári. Hún hefur sniglast í kringum mig við saumaskapinn frá því hún gat staðið í lappirnar og var sífellt að fá að prófa að sauma. Það varð því úr að jólin 2008 fékk hún frá okkur Janome saumavél, ljósgræna með myndum af Hello Kitty. Vélina er búin 10 sporum og er 75% af stærð venjulegrar saumavélar. Síðan hefur Andrea verið óstöðvandi, saumað sér rúmteppi og dúkkuteppi, saumað bangsa og púða, nálapúða, töskur og buddur. Árið 2009 sendum við lítið teppi eftir hana í samkeppni í Birmingham og fékk hún góða dóma. Eftir því sem Andrea stækkaði fór litla saumavélin að þykja heldur lítil og nú saumar hún á „gömlu“ vélina mína en það er 20 ára gömul Husqvarna vél sem mér finnst alltaf vera sem ný.

Saumavélskiptin komu á besta tíma því Arna sem er á sjöunda ári ætlar að



Langamýri haustið 2014.

feta í fótspor okkar. Þínulítill sat hún á gólfinu hjá okkur í saumaherberginu og raðaði tvinnakeflum eða skoðaði tölur og borða, velti fyrir sér mynstrum og litum á efnum og pantaði kjóla, teppi og töskur upp úr saumablöðunum. Henni þótti nú ekki mikið mál að fá mömmu sína til að sauma fyrir sig. Fljótlega fór áhuginn að færast yfir á saumavélar og Hello Kitty var litin hýru auga. Arna er nú orðin fullnuma á litlu vélina og getur setið með okkur Andreu við saumaskapinn. Hún hefur nýlokið við

að sauma teppi handa Marel, upphaldsbangsnum sínum og núna er hún að vinna í sínum eigin nálapúða.

Síðastliðið haust fékk Andrea að koma með mér í fyrsta skipti á saumahelgi Quiltbúðarinnar að Löngumýri. Ég velti því fyrir mér hvort henni myndi kannski leiðast eftir smá tíma við saumaskapinn en þær áhyggjur reyndust aldeilis óþarfar. Það má með sanni segja að Andrea sé komin á bragðið og ég held að ég muni aldrei fá að fara aftur án hennar, sem betur fer því það var



Langamýri haustið 2014 Teppið hennar Andreu farið að taka á sig mynd.



Andrea á Löngumýri haustið 2014 - fyrsta blokkinn sem hún gerir alveg sjálf, sker, saumar og straujar.



Langamýri haustið 2014 - Andrea búin að versla efni.



Arna að sauma bangateppi.

bæði í kanta og bak á teppið sem hún var að sauma og nokkur til viðbótar, svona til að eiga í næstu teppi.- Það líður varla sú vika að hún spyrji ekki hvenær við förum aftur á Löngumýri.

Fyrir utan að sauma á saumavél sitja þær systur oft saman og sauma krosssaum eða hekla. Handverkið laðar að og því full ástæða til að hvetja þær áfram. Ég er viss um að þær munu ávallt búa að þessum stundum okkar saman en hvort þær halda áfram að sauma þegar fram líða stundir mun koma í ljós. Systurnar eiga líka tvo bræður, Davíð sem er á tólfta ári og Dag sem verður tveggja ára nú í apríl. Dagur skottast í kringum okkur, skoðar og fiktar eins og Arna gerði á sama aldri á meðan Davíð finnst notalegt að sitja við tölvuna í sama herbergi og spjalla við okkur á meðan við saumum. Það verður varla betra.

Berglind Snæland



Andrea, Davíð og Arna í saumaherberginu.

dásamlegt að hafa hana með. Við gistum saman tvær í herbergi, hlustuðum á tónlist alla leið fram og til baka, áttum nokkur handfylli af hlátursköstum, saumuðum heil ósköp, borðuðum góðan mat og skemmtum okkur konunglega saman. Félagsskapurinn var heldur ekki af verri endanum, á Löngumýri koma saman yndislegar konur sem flestar

bíða í heilt ár eftir að hittast aftur og var

Andreu afskaplega vel tekið af öllum. Andrea náði að klára miðju í lúruleppi, fyrstu blokkirnar sem hún gerir alveg ein, saumaði, straujaði og skar. Ekki nennti stelpuskottið að bíða eftir að mamman vaknaði á morgnanna, hún hentist framúr og var byrjuð að sauma þegar ég var búin að teygja úr mér og komin á fætur. Á síðasta degi fékk Andrea svo að kaupa sín eigin efni,



Arna saumar niður bindingu.



Stollt saumakona sýnir tilbúið bangateppið sitt.

Þarf bútasaumsfólk kannski að nota fingurbjargir?

Þegar Íslenska bútasaumsfélagið ákvað að efna til fyrstu utanlandsferðar félagsins var stefnan tekin á Bandaríkin. Hvers vegna bútasaumsferð til Bandaríkjanna? Það er einfaldlega til að fá nýjar hugmyndir og sjá meira úrval af efnum. Í landi ofgnóttar er úrvalið mjög fjölbreytt eins og gefur að skilja í jafn fjölmennu landi.

Eftir þessa viku ferð sem farin var í september 2014 er það samdóma álit okkar að fólk er einstaklega alúðlegt og vel að sér. Allir vissu t.d. hvar Ísland var og margir fræddu okkur á því að þar væri eldgos. (Holuhraun).

Ferðin hófst í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sem náttúrulega heitir eftir manningnum sem fann Ameríku. Hópurinn samanstóð af 29 konum og einum eiginmanni.

Ferðalagið vestur tók rúmar 7 klst. Eftir það tók við góður klukkutími í að fara í gegnum passaskoðun, að ekki sé talað um vélar og menn sem reyndu að fá fingrafar af okkur öllum. Tókst það á endanum og töskurnar biðu á bandinu og löbбуðu allir í gegn nema það vantaði eina. Kom í ljós að ein úr hópnum hafði verið tekin afsíðis. Flaug sú saga að erfiðlega hafi gengið að ná fingraförum af henni vegna þess að gómarnir eru orðnir svo slitnir og öróttir. Er þetta vinsamleg ábending til bútasaumsfólks að nota fingurbjargir við saumaskap.

Eftir komuna tók við u.þ.b. klukkustundar akstur á hóteli Olympia og þar var fararstjórinn Jónas Þór búinn að sjá til þess að við gætum fengið okkur að borða þó klukkan væri orðin margt. Þá var klukkan orðin fjögur að íslenskum tíma og flestar farnar að sofa klukkutíma síðar eða 21:30 að staðartíma.

Heilu strangarnir fóru af stað

Í morgunmat var mætt snemma og allir tilbúnir að fara í fyrstu búðina Sister's Fabric (<http://www.sistersfabric.com/>). Þar var tekið mjög vel á móti



Jensína Sigurbjörg að velja efni.

hópnum. Mikið úrval var af efnum og sérstaklega falleg batik- og flónelefnir auk þess sem bæði ræmur og pakkingar voru þarna í úrvali. Gladdist nú kerlingaskarinn en öðrum varð um og ó þegar heilu strangastaflarnir fóru af stað. Var eigandinn vel undirbúin með

aukafólk sér til hjálpar. Sem ekki veitt af því flestir voru eins og börn í dótabúð.

Eftir hádegisstopp var komið við í næstu búð Ruby Street Quiltworks. (<http://www.rubystreetquiltworks.com>). Sú búð var í aðalgötu bæjarins Tumwater. Þar var snoturt kaffihús og einnig eru þar nokkur söfn svo sem mótörhólasafn sem enginn í þessum hóp hafði sérstakan áhuga á. Jo-Ann verslunin var heimsótt, en þær hörðustu fóru í verslunarmiðstöð sem var þarna – kannski ekki tilviljun að stoppað var þarna.

Aftur var gíst í Olympia og daginn eftir var haldið af stað áleiðis til Poulsbo. Við byrjuðum daginn á smá útsýnisferð að ráðhúsinu og gengum um í garðinum, nutum útsýnis yfir höfnina og sáum til Klettafjallanna í fjarlægð. Annie's Quilt Shoppe (www.anniesquiltshoppe.com) lét ekki mikið yfir sér, var ein og sér innan um dekkjaverkstæði í iðnaðarhverfi, sem var lítið spennandi umhverfi fyrir „kvennabúð“ enda gekk erfiðlega að finna hana. Þar hafði verið námskeið um morguninn í smá herbergi inn af búðinni. Þar voru nokkrar konur enn að. Þar var teppi sem unnið var úr afgangaræmum og bæði bak og framhlið saumað í einu. Þetta teppi var verkefni saumadagsins s.l. haust.



Séð yfir til Klettafjallanna frá ráðhúsgarði Olympia.



Olga Magnúsdóttir og Ragnheiður Björnsdóttir ásamt Steina Kolbeins úr Húnavatnssýslu, með eiginkonu og dóttur.

Þá var förrinni heitið í búð sem heitir Esthers fabrice (<http://www.esthersfabrics.com>) sem er elsta bútasaumsbúð Washingtonfyllkis stofnuð 1959. Hún var upphaflega efna- og garnbúð en síðustu ár hefur áherslan verið á efni og fylgihluti auk þess sem núverandi eigandi hefur komið upp sýningarastöðu. Mjög góð þjónusta var í búðinni og fjölbreytt efni. Þar sem áhersla var á listbútasaum voru aðstoðarkonur m.a. listakonur sem komu inn þegar mikið var um að vera. Þessi heimsókn taldist til þess. Nú skiptist hópurinn á tvo bæi þar sem hótelið sem pantað var á var fullbókað, voru því átta manns sett af við lítið hótél í næsta bæ. Við sem gistum í Poulsbo löbbuðum flestar niður að höfn bæjarins þar sem við fundum skemmtilegt veitingahús með útsýni yfir höfnina og borð fyrir alla. Í miðri máltíð kom eigandi staðarins og stoppaði hjá okkur þar sem hann heyrði tungumál sem hann kannaðist við. Var þar kominn Stebbi Kolbeins af íslenskum uppruna nánar tiltekið úr Húnavatnssýslu. Hann hafði mjög gaman af heimsókninni. Þá kom einnig í ljós að hinum megin við gistihúsið var bar í eigu Íslendinga. Hann var því miður í fríi og því gátum við ekki hitt hann. En ljóst er að landinn er víða.

Á gönguleiðinni var gengið framhjá húsi nokkru þar sem garðurinn var fullur af húsgögnum og öðrum húsmunum, allt var til sölu. Ástæðan var sú að eigendur og húsráðendur voru á leið

á elliheimili og því voru þau að selja allt sem þau áttu meðal annars eldgarmlar vínillplötur og bolla sem sumar keyptu. Þessi gamli bær sem stofnaður var af Norðmanni er mjög skemmtilegur, fullt af litlum antik- og handverksbúðum, m.a. bútasaumsbúð sem við misstum því miður af. Bærinn er þekktur áfangastaður fyrir ferðamenn, sem er skiljanlegt því margt var að skoða.

Landinn áfram víða

Næsta morgun fórum við í annan lítinn bæ sem heitir Port Gamble. Skemmtilegur lítill bær sem byggðist upp kringum timburverksmiðju sem var í bænum en hún brann og hefur ekki verið byggð upp aftur. Þar var einnig Íslendingur



Ida Haraldsdóttir og Birna Björnsdóttir í Port Gamble.

sem hafði flutt þangað á vegum Hamp- idjunnar og verið þar í 10 ár.

Quilted Straite er bútasaumsbúð bæjarins og er hún í gömlu hesthúsi. Tekið var á móti okkur með kostum og kynjum. Hver og ein kona fékk gjöf, fattarabúnt. Þarna var gefinn 25% afsláttur af bókum og sniðum sem margar nýttu sér. Einnig var þarna gott úrval af sýnishornum. Fallega uppsett búð. „So excited to welcome 30 quilters from Iceland this morning! Luckily we were all fluent in „quilt speak““ skrifaði eigandi búðarinnar á Facebook. Nokkrir komu með athugasemdir og hefðu viljað hitta hópinn. En búðareigandinn var þó búinn að hafa samband við konu sem hefur búið þar í nágrenninu í yfir 20 ár og kom í ljós að hún kannaðist við einhverja í hópnum. Hún leiddi okkur um bæinn og sýndi okkur það helsta. Hún var greinilega von að fá gesti og hafði komið þarna oft áður því hún leiddi hópinn um svæðið eins og besti leiðsögumaður. Öll hús í bænum eru friðuð og eru gallerý í mörgum þeirra. Krafa er um óbreytt litaval á húsum og ekki má breyta húsum þarna eða byggja nýtt. Hún sýndi okkur einnig mjög sérstakt álmltré sem Breti kom með á 19. öld og vex á mjög sérstakan hátt.

Eftir hádegi var komið við á Suquamish Museum safni sem sýndi sögu Suquamish indíána sem er ættbálkur í þessu héraði. Fróðlegt lítið safn.

Síðan lá leiðin að ferjubænum Kingston, þar sem við tókum ferju yfir



Stofn álmltrésins í Port Gamble.



Quilted Straite búðin sem áður var hesthús.

til Edmonds. Fórum við þar í langa röð til að komast í ferjuna og höfðum þar einn klukkutíma lausan. Sumar höfðu tekið eftir ísbúð þarna rétt við en aðrar tókum eftir að þarna var bútasaumsbúð Kingston Quilt Shop (<http://www.kingstonquiltshop.com>) sem við auðvitað fórum í og við settum allt á annan endann. Þarna hafði ekki komið hræða inn í búðina allan daginn og svo fylltist allt. Þar sem við höfðum ekki mikinn tíma og úrvalið var mjög gott þarna af grunnefnum og panelum sem mörgum vantaði tilfinnanlega voru viðskiptavinir farnir að aðstoða við afgreiðsluna. Okkur til mikillar gleði komst rútan ekki í ferjuna fyrr en eftir tvo tíma og voru þeir vel nýttir. Þegar yfir til Edmonds

kom fórum við beint á náttstað á hótél sem var rétt við ferjustaðinn.

Og við fundum landbúnaðarsýningu með bútasaums-teppum

Nú var ekið til Puyallup þar sem var héraðssýning á öllu sem við kemur landbúnaði lifandi og dauðu. Þar kepptu býli eða smáhópar um allt. Hvað gert var úr afurðum s.s. sultur og mauk. Þarna voru líka blóm af ýmsu tagi. Húsdýr voru þarna til sýnis og síðast en ekki síst var sýning á bútateppum sem unnin höfðu verið í héraðinu. Einnig voru þarna þrjónaðar flikur og málverk á stóru svæði. Í skápum hjá bútateppunum voru kökur, smákökur og tertusneiðar. Allt



Uppskeyra frá einu býli sett upp eins og bútasaumur.

hafði keppt til verðlauna. Þetta minnti mig allt á skólasýningarnar í gömlu héraðsskólunum þar sem stúlkur sýndu handavinnu og drengir smíðar.

Á leiðinni til baka var sagt frá því þegar Íslendingar komu til þessa svæðis snemma á 19. öld. Þeir komu sér fyrir í þorpi sem nú er hluti af Seattle. Er þetta eftirsóttur bæjarhluti þar sem stutt er í bæinn.

Í Seattle var komið við í búð sem heitir The Quilting Loft (<http://www.thequiltingloft.com>) og nokkrum til mikillar gleði var kaffihús við hliðina. Þessi búð var búin að undirbúa sig mjög vel. Mikið úrval af alls kyns pökkum og sniðum með efnum. Þarna var mjög mikið af t.d. japönskum efnum og ný sending af jólaefnum með silfri sem margar misstu sig í.

Og couponar komu að notum

Þá var farið í langan akstur til La Conner sem er bær norður af Edmonds þar sem við komum á bútasaums- og textilsafn (<http://www.laconnerquilts.org>). Þar



Fjöldi teppa hengd upp í rjáfur



La Conner safnið.



Allur hópurinn ásamt fararstjóra.

voru sýnd bútasaumsverk frá 19. öld og einnig var þar sérsýning sem kölluð var „Indigo & Silk Challenge“, og sýning með verkum eftir Junko Maeda frá Japan. Allt voru þetta mjög falleg verk en húsið var ekki síður eitthvað til að skoða. Á leiðinni til baka var komið við í langþráðu „Outleti“. Þegar rútan stoppaði var það eins og þegar hleypt er út á vori. Konur þustu af stað staðráðnar í að gera nú rækilega góð kaup með „couponum“ og listum til að fá sem flesta afslætti. Það er stórkostlegt hvað konur eru vel að sér í innkaupum, jafnvel í USA.

Á leiðinni til baka kom upp sú hugmynd að panta mat fyrir allan hópinn á einu veitingahúsi og gekk það eftir. Samið var við bílstjórann og honum boðið að borða með okkur gegn því að

aka okkur á veitingahúsið sem var 15 mín. akstur frá hótelinu. Lagt var á borð fyrir okkur á veröndinni svo við vorum hálfpartinn úti, eitthvað sem okkur flestum langaði til. Varð úr þessu hin besta kvöldstund.

Sætir Vestur Íslendingar

Síðasta dag ferðarinnar á leiðinni út á flugvöll var komið við í norræna húsinu í Seattle. Þar var tekið á móti okkur með kaffi úr pappakassa (einnota) og dísætum kleinuhringjum og öðru kruðiríi með glassúr. Þar voru einnig mættir nokkrir af íslensku bergi brotnir sem töluðu íslensku og var ánægjulegt

að hitta þá. Sérsýningar voru í húsinu frá öllum Norðurlöndunum. Sú íslenska skar sig úr með vísi af bókasafni sem ekki var að sjá á hinum söfnunum.

Þessi ferð félagsins verður örugglega ekki sú síðasta því almenn ánægja var með ferðina þó að sumar hefðu verið alveg til í að sjá fleiri búðir. En trúlega stendur upp úr hjá flestum fallegt landslag, ánægjuleg samskipti við heimamenn og ekki síst skemmtilegur félagskapur hópsins.

Ragnheiður Björnsdóttir



Ræmuafgangar í einföldu teppi.



Íslenska deildin í Norræna húsinu.

Gæðaefnið bómull

Major Cotton Producing Countries



Bómullartínsla.

Bómull (*Gossypium hirsutum*) eru náttúrutrefjar úr sellúlósa en auk þess eru í þræðinum vax, fita og litarefni. Heimkynni plöntunnar er hitabeltið og heittempraða beltíð þar á meðal Karabísku eyjarnar og Perú.

Blóm bómullarplöntunnar eru hvít fyrsta daginn sem þau eru í blóma, verða svo bleik og að lokum brún. Plantan fellir blómin fljótlega og þá kemur í ljós græn kúla sem er frægeymsla plöntunnar. Þegar kúlan er fullþroska opnast hún og hvítu þræðir bómullarinnar koma í ljós. Lengd þræðanna er yfirleitt 20-38 mm að lengd en þó má finna þræði sem ná 60 mm lengd. Bómullin er unnin úr fræhárurum plöntunnar og er nauðsynlegt að týna þræðina eins fljótt og hægt er og áður en rigning og vindur nær að eyðileggja uppskeruna. Þar sem fræhárin

þroskast ekki öll á sama tíma þurfti að týna oftast en einu sinni. Nú á tímum eru hárin týnd með vélum en það þýðir að bómullin verður ekki eins hrein og ef hún væri handtýnd. Vélarnar taka með allskonar rusl og gera ekki greinarmun á hvítum og brúnum þræðum. Hvítu þræðirnir eru verðmætari.

Eftir vinnslu á plöntunni er hún flokkuð í 3 aðalflokka eftir lengd þræðanna, hreinleika og lit. Fínleiki þræðanna, slitþol, viðloðunarhæfni og styrkur eru einnig þættir sem skipta máli við flokkun.

Saga bómullarræktunar

Saga bómullarræktunar nær langt aftur, allt að 4500 árum fyrir Krist og var ræktuð m.a. á Indlandi og Persíu áður en sögur hófust. Elstu minjar um bómull hafa fundist í gröfum og borgarústum í Tehuacán Valley í Mexíco og er talið að þær séu frá því 3600 fyrir Krist. Herodotus, grískur sagnfræðingur, talar um indverska bómull á 5. öld fyrir Krist



Útsprungið og hálfútsprungið.

og þegar Alexander mikli réðst inn í Indland fóru hermenn hans að klæðast fatnaði úr bómull þar sem þeim þótti hann þægilegri en ullarfatnaður. Öldum saman voru indverskir handverksmenn fremstir í að breyta bómullartrefjum í uppistöðuband. Einnig kunnu þeir þá list að þrykkja á bómullarefni með þvottekta litum. Aðferð sem var óþekkt hjá Evrópubúum þar til í lok 17. aldar.

Þegar Kristófer Kólumbus kom til Bahamaeyja og Kúbu sá hann að landsmenn klæddust vel skreyttum og fallegum fötum. Þetta gæti hafa sannfært hann um að hann væri kominn til Indlands, en heimamenn klæddust fatnaði úr bómull. Á 8. öld eftir Krist þegar múslimar réðust inn í Íberíuskagann hófu þeir innflutning á bómull til Evrópu. Smátt og smátt jókst verslunin og þegar komið var fram á 15. öld voru Feneýjar, Antwerpen og Haalen mikilvægar hafnir fyrir ábatasöm bómullarviðskipti.

Indverjar höfðu lengi vel varðveitt leyndarmálið við litun bómullarinnar. Sumir þeirra tóku kristna trú og það var svo franskur kaþólskur prentur, faðir Coeurdoux sem sagði frönskum framleiðendum frá aðferðinni, er varð til þess að evrópskir framleiðendur hófu sína eigin framleiðslu á litaðri bómull.

Bretar urðu fljótlega stórtækir í bómullarframleiðslu og á seinni hluta



Týnsla með vél.



Indverskar konur að týna bómull.



Indverskar konur að týna bómull.

18. aldar var útflutningur á bómull um 40% af heildarútflutningi þeirra. Á þessum árum réð Bretland yfir mörgum nýlendum og það var vegna þeirra að útflutningur var svona mikill, en íbúar nýlendanna notuðu mikið bómull í fatnað. Vaxandi eftirspurn eftir bómull leiddi til þess að leita varð leiða til þess að auka framleiðsluna og var horft til Indlands.

Vélvæðing bómullarvinnslunnar leiddi til aukinnar framleiðslu, en vinnudagurinn var óheyrilega langur, launin lág og vinnuaðstaðan léleg, einnig var algengt að ung börn væru látin vinna í verksmiðjunum.

Vesturlönd tóku seinna yfir heimsframleiðslu á bómull með notkun véla sem aðskildu bómullartrefjarnar frá fræjunum og vélvæddu einnig spunann og vefnaðinn. Þessar uppfinningar og eftirspurn eftir þrykktri bómull áttu sinn þátt í iðnbyltingunni í Bretlandi.

Bómullarframleiðsla í Bandaríkjunum óx hratt á 18. öld og 1830 voru Bandaríkjamenn langstærstir í framleiðslu bómullar. Þar átti stærstan hlut ódýrt land, þrælahald og nýjar uppfinningar í sambandi við týnslu, spuna og vefnað. Stórir plantekrueigendur efnuðust gríðarlega á bómullarframleiðslunni þar sem þrælar voru vinnuaflið og launakostnaður í algjöru lágmarki.

Umhverfisþættir framleiðslunnar

Nútíma tækni hefur verið þróuð til að standast kröfur ræktunar og framleiðslu bómullar. Sumt er keypt dýru verði

á kostnað umhverfisins. Meira magn eiturefna er notað í bómullarframleiðslu en nokkra aðra fataframleiðslu má þar nefna meindýraeitur, sveppaeitur, laufeyðir og illgresiseyðir. 10-16% plöntueiturs á heimsvísu er notað við bómullarframleiðslu og 16-25% af öllu skordýraeitrí (tölur sem bómullarframleiðendur hafa gefið upp). Bómullaræktin krefst mikillar vatnsnotkunar sem aftur getur valdið því að grunnvatn verður af skornum skammti og jarðvegur verður of saltur. Gott dæmi um það er minnkun Aralvatns í Uzbekistan en þar hefur verið mikil bómullarframleiðsla. Minnka má notkun á skordýraeitrí með því að nota skordýraþolna bómull og nota náttúrulegar aðferðir við ræktunina.

Ein helsta skýringin á mikilli efna- mengun er mikið magn af ólíkum kemískum efnum sem notað er á öllum framleiðslustigum. Þessi efni bindast ekki í framleiðslunni og fara oftast en ekki út í umhverfið með tilheyrandi mengun og valda oft miklum skaða. Taulitir sem notaðir eru til litunar innihalda málma eins og kopar, króm, kóbalt, nikkell og kadmíum auk þess sem finna má Díoxín.

Framleiðsla á bómull hefur flust til láglauNALanda eins og Indlands, Bangladesh, Kína og Mið-Ameríku þar sem vinnuaðstaða er oft afar slæm og vinnudagurinn langur. Eftirspurnin eftir efninu hefur tvöfaldast síðan 1980. Um 24 milljónir manna starfa við bómullaríðnað á heimsvísu, þar af eru 75% konur.

Neytendur eru að verða sífellt meðvitaðri um áhrif mengunar á umhverfið

og krafan um umhverfisvæna framleiðslu verður æ háværi. Endurvinnsla og endurgerð bómullarfata og efna er ein leið til þess að minnka þörfina á nýjum bómullarvörum. Neytendur ættu að vera meðvitaðir um það hvernig framleiðslu á þeim vörum sem verið er að kaupa er háttáð. Er hún framleidd á kostnað umhverfisins og heilsu manna og dýra, eða er verið að framleiða vöru með aðferðum sem ekki eyðileggja umhverfið.

Umhverfisvæn bómull er dýrari en það er orðið löngu tímabært að huga að því hvernig varan er framleidd og hverjar afleiðingarnar eru á umhverfið.

Hugsum aðeins um það næst þegar við kaupum ódýran bómullarfata að hvernig vinnslan á honum hefur verið í gegnum allt ferlið.

Margrét Óskarsdóttir

Heimildir:

<http://ibodinatturunnar.is>

<http://www.weberstrasse.net/deborah-kraak>

<http://en.wikipedia.org>

<http://www.ismennt.is/not/arndis/prjonakennsla/efni/bomull>

Encyclopædia Britannica

EJF (2012) The true costs of cotton: cotton production and water insecurity. Environmental Justice Foundation, London

Jólasýning 2014

Þemað á jólasýningu vetrarins var Trú og friður. Að þessu sinni bárust fjögur verk og er það talsvert færra en á sýningunni árið á undan. Stjórnin þakkar þeim sem tóku þátt og hér má sjá myndir af verkunum sem komu.

Jólagjöfin var nálapúði og var gaman að sjá hvað útfærslurnar voru mismunandi.

Stjórnin



Birna Björnsdóttir.



Lára M. Halldórsdóttir.



Nálapúðar í allskonar útgáfum.



Guðný Benediktsdóttir.



Margrét Óskarsdóttir.



EUROPEAN QUILT ASSOCIATION
EQA EXHIBITION at FOQ in 2015
“Ástríða í tónlist”

Verk hvers lands verða hengd upp saman á sýningu FOQ 2015.

Reglur

1. **Stærð:** 30 x 30 cm ferningur.
2. **Ástríða í tónlist:** Allir litir frjálst val. Nema 1 cm² rauður blettur einhverstaðar á verkinu.
3. **Kantur:** Frágangur: Engin sjáanleg binding.
4. **Upphengi:** 10 cm upphengi 1 cm frá kanti.
5. **Merking:** Með merkipenna skrifa heiti verks, nafn og heimili á upphengið
6. Hvaða tækni sem er má nota toppur vatt og bak. Ekkert gler eða málmar eru leifð. Ferningar sem eru viðkvæmir eða stífir geta skemmst í flutningum.
7. Öll verkin "Ástríða í tónlist" verða á sýningunni Festival of Quilts 2015. Sum lönd vilja e.t.v. sýna eigin verk og frá hinum löndunum á aðalfundi. Af því tilefni er bent á að verkin verða endursend ekki seinna en september 2015.
8. Allir félagar í Íslenska Bútasauksfélaginu mega taka þátt án þátttökugjalda. Ferningarnir eru ekki til sölu.
9. Öll verkin eru tryggð meðan á sýningunni stendur og vegna flutnings fram og til baka. (Upplýsingar um flutninga og tryggingar vegna annarra sýninga má nálgast hjá sýningarhaldara). Týnist verk eða skemmist á meðan verkin eru í láni er sýningarhaldari ekki ábyrgur fyrir því.
10. Þátttaka tilkynnist til ragnhbj20@gmail.com fyrir 30. apríl.
11. Heimilt er að nota ljósmyndir af verkunum til kynningar á sýningunni.
12. Hvert aðildarland innan EQA **VERÐUR** að útvega sextán (16) ferninga fyrir þessa sýningu. Ef of margir ferningar verða tilkynntir, verður að velja 16 á þann hátt sem hvert félag ákveður. Ef of fáir ferningar koma verður stjórnin að gera það sem á vantar.

Myndavíxl

Þau leiðu mistök urðu í síðasta blaði að nöfn víxluðust undir þessum myndum. Mynd nr. 16 er eftir Láru Halldórsdóttur og mynd nr. 13 er eftir Hrönn Scheving. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum og birtir blaðið því þessar myndir aftur.

Ritnefnd



Hrönn Scheving.



Lára Halldórsdóttir.



Íslenska bútasáumsfélagið



Bjálki - Sýning í Perlunni

9. - 17. maí 2015

Opið kl. 10 - 18



Hetjuteppasýning
Farandsýning EQA
Sýnikennsla
Hlutavelta



Töskusamkeppni
Aðgangur ókeypis

